

# ÁRSSKIL

## – skil á virðisaukaskatti fyrir árið 2010 –

Hjálögð fylgir skýrsla til uppgjörs á virðisaukaskatti vegna uppgjörstímabilsins janúar-desember 2010.

Henni ber að skila eigi síðar en á gjalddaga  
**7. febrúar n.k.**

Áriðandi er að virðisaukaskattsskýrslu sé skilað þó að rekstur hafi legið niðri og velta því engin verið á árinu (núllskýrsla).

**Greiðsluskýrslu** skal skila ásamt greiðslu til banka, sparisjóðs, sýslumanns eða tollstjórans í Reykjavík.

**Inneignarskýrslu og núllskýrslu** skal skila beint til viðkomandi skattstofu. Inneignarskýrslu skulu fylgja:

- 1) afrit af ársreikningi 2010
- 2) eða hreyfingalistar inn- og útskatts 2010
- 3) eða ljósrit af bókhaldshefti 2010

**Fylgi umrædd gögn ekki inneignarskýrslu má búast við því að ríkisskattstjóri hafni skýrslu og áætli virðisaukaskatt.**

Vakin er athygli á því að skila má virðisaukaskattsskýrslu ásamt greiðslu rafrænt. Sótt er um rafræn skil á þjónustuvef ríkisskattstjóra [www.skattur.is](http://www.skattur.is).

### Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.26)

Henni skal skila ef leiðrétta þarf áður innsenda virðisaukaskattsskýrslu eða ef breyting verður á forsendu ársskila.

Ef skattskyld velta ársins 2010 var 3.000.000 kr. eða meira (sjá þó nánar hér á eftir) þá er forsenda fyrir skilum einnar skýrslu fyrir allt árið brostin. Ber þá að fylla út leiðréttingarskýrslu og skipta veltu, útskatti og innskatti, niður á tveggja mánaða uppgjörstímabil ársins. Virðisaukaskattur ársins, tilfallinn fyrir og á því tveggja mánaða uppgjörstímabili sem var að líða þegar velta náði 3.000.000 kr., féll í gjalddaga einum mánuði og fimm dögum eftir lok þess uppgjörstímabils. Jafnframt bar að gera upp fyrir hvert tveggja mánaða uppgjörstímabil eftir þann tíma. Því getur komið til álagsútreiknings (sjá um hann á baklið leiðréttingarskýrslunnar).

Með reglugerð sem tók gildi 1. janúar 2007 voru gerðar ýmsar breytingar á reglum um framtal og skil á virðisaukaskatti. Þær breytingar er varða reglur um ársskil eru þessar helstar:

- Ef skattskyld velta á árinu 2010 fór yfir kr. 1.400.000 á því ári skal gera upp virðisaukaskattsskýrslu fyrir hvert tveggja mánaða uppgjörstímabil á árinu 2011.
- Létt var á leiðréttingarskyldu innan ársins og miðast hún við kr. 3.000.000 enda þótt veltu-mark ársskila miðist við kr. 1.400.000.
- Þó svo velta aðila sé undir kr. 1.400.000 skal hann ekki færast í ársskil ef reiknað endurgjald eða meðallaun sem greidd hafa verið samkvæmt skilagreinum staðgreiðslu eru kr. 100.000 eða hærrí á mánuði.

Leiðréttingarskýrslu ber að skila til sýslumanns eða tollstjórans í Reykjavík ásamt greiðslu, nema um inneign sé að ræða, þá til viðkomandi skattstofu.

## Leiðréttingarskýrslu má m.a. finna á **rsk.is** og eins á skattstofum

Minnt er á bæklinginn „Til minnis um ársskil“ (RSK 11.23) sem m.a. má finna á [rsk.is](http://rsk.is).  
Hjálögð er orðsending vegna virðisaukaskatts nr. 1/2011 um skýrsluskil í tengslum við skattframtal.

Nánari upplýsingar og gögn má fá hjá ríkisskattstjóra (sími 442-1000) og skattstofum um land allt.